

Dómsmálaráðuneytið

Sölvhólgötu 7

101 Reykjavík

dmr@dmr.is



Reykjavík 12. janúar 2022

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um landamærum

Hinn 22. desember 2021 birti dómsmálaráðherra drög að frumvarpi til laga um landamæri á samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða nýmæli um heilstæð lög um landmæri en í dag er farið eftir lögum um útlendinga, nr. 80/2016 og reglugerð um för yfir landamæri nr. 866/2017 ásamt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamærareglurnar).

Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og vilja samtökin koma með eftirfarandi ábendingar.

Frumvarpið mælir fyrir um ákveðnar grunnreglur sem gilda um för einstaklinga yfir landmæri. Í inngangi frumvarpsins kemur eftirfarandi fram:

Á sama tíma og það er nauðsynlegt að virða afnám eftirlits á innri landamærum Schengen-svæðisins er ástæða til að styrkja framkvæmd landamæraeftirlits á sameiginlegum ytri landamærum svæðisins til að koma í veg fyrir óreglulega för fólks frá þriðju ríkjum og sjá fyrir mögulegar ógnir við allsherjarreglu og þjóðaröryggi aðildarríkja Schengen-samstarfsins. Þannig eru gerðar ríkar kröfur til íslenskra stjórnvalda vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu sem varðar bæði ytri og innri þætti, m.a. um samþætta landamærastjórn.

Ef frumvarpið er hins vegar lesið í heild þá eru lagðar ákveðnar skyldur á flutningsaðila um að ganga úr skugga um að skráður farþegi sé sá sem hann segist vera. Hvort sem það er á innri eða ytri landamærum Schengen. Samtökin vilja sérstaklega vísa í 17. gr. fyrirbyggjandi frumvarpsdraga hvað það varðar. Í þessu samhengi benda samtökin á að framkvæmd við innritun og byrðingu farþega á innri landamærum Schengen, við eðlilegt ástand fyrir heimsfaraldur, má ekki verða meira íþyngjandi en það sem tíðkast hefur. Samtökin hafa áhyggjur af því að orðalagið 17. gr. sé með þeim hætti að sjálfvirknivæðing á innri landamærum Schengen verði að engu. Það myndi kalla á frekari mannskap með tilheyrandi töfum og kostnaði. Sem myndi hafa bein áhrif á alþjóðlegt samkeppnisumhverfi landsins enda starfar íslensk ferðaþjónusta í alþjóðlegu umhverfi. Allar reglur sem kalla á frekari mannskap kallar sjálfkrafa á aukinn kostnað.

Að því sögðu þá veldur 17. gr. sjálf og athugasemdir við þá lagagrein samtökunum áhyggjum. Orðalag hennar er næstum eins og 13. gr. frumvarpsins sé regla frekar en hitt.

SAF telja nauðsynlegt að ráðuneytið eigi samráð við samtökin, Isavia og flugfélög landsins áður en frumvarpið fer lengra enda væri það miður ef frumvarpið verður óbreytt að lögum og myndi þannig breyta hefðbundinni framkvæmd við skoðun á skilríkum við innritun og byrðingu.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri